

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 1. apríl 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðlamálum (167. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu, sem kveður á um að ríkisstjórninni verði falið að gera viðtæka úttekt á belstu kostum Íslands í gjaldmiðlamálum.*

Viðskiptaráð Íslands hefur undanfarin ár, líkt og fjöldi annarra, látið sig varða stöðu og framtíðarhorfur í gjaldmiðlamálum íslensks samfélags. Hefur ráðið í þessu sambandi staðið fyrir opnum fundarhöldum um efnið og gefið út rit, en stærstu rit ráðsins á þessu sviði eru annars vegar skýrslan *Krónan og atvinnulífið* frá júlí 2006 og hins vegar skýrslan *Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull* frá árinu 2008. Í þessum ritum hafa ólíkar leiðir í gjaldmiðlamálum verið skoðaðar og reynt hefur verið að auðkenna helstu kosti og galla hverrar leiðar, en meðal þeirra leiða sem rýnt hefur verið í má nefna áframhaldandi sambúð með krónunni, upptöku evru með aðild að ESB og myntbandalaginu, einhliða upptöku annarrar myntar, myntráð, tvíhliða tengingu gjaldmiðla, fjölmyntasamfélag og óformlega evruvæðingu.

Í grunninn er það afstaða ráðsins að íslenska krónan hafi reynst hagkerfinu byrði, sér í lagi með aukinni alþjóðavæðingu, en að á sama tíma hafi hún einnig verið blóraböggull fyrir ákvarðanir í efnahagsstjórn síðustu ára. Með umfangsmiklum umbótum á öllum sviðum efnahagsstjórnar megi því skapa forsendur fyrir áframhaldandi sjálfstæði í peningamálum þannig að ávinningur af því að halda í krónuna vegi þyngra en fórnarkostnaður. Án slíkra umbóta er hins vegar líklegra en ella að ábati af sjálfstæðri peningastefnu sé hverfandi og undir slíkum kringumstæðum væri hagkvæmara af afsaia því sjálfstæði í peningamálastjórn og taka upp aðra mynt. Er það mat ráðsins að komi til þess sé aðild að myntbandalagi ESB tvímælaust hagkvæmasti kostur af þeim leiðum sem standa til boða.

Að því sögðu er þó ljóst að grundvallarbreytingar á gjaldmiðlamálum þjóðarinnar kalla eðli málsins samkvæmt á ígrundaða skoðun, málefnanlega umræðu og fjölbætta aðkomu ólíkra aðila. Skoðun af því tagi er forsenda þess að ráðamenn, almenningur og atvinnulíf geti mótað sér upplýsta afstöðu til málefnsins. Það má hins vegar velja því upp hvort úttekt af því tagi, sem tillaga þessi kveður á um, muni leggja eitthvað frekar til málana en þegar hefur verið gert í fjölda úttekta, skýrslna, erinda og greina. Hvað þetta varðar þá hefur t.a.m. Seðlabanki Íslands nýverið boðað ítarlega skýrslu um möguvegjar breytingar á peningastefnu bankans. Að auki er ólíklegt að skotgrafarpólitik undanfarinna missera og ólíkar skoðanir flestra hagfræðinga á málefninu muni leiða til einnar sameiginlegrar og rétttrar niðurstöðu um þær leiðir sem standa til boða.

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson

Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs